

Leiðbeiningar

fyrir sveitarfélög um sérstaka íþróttu- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum á haustönn 2021

Samkvæmt tímabundinni fjárheimild í fjárlögum fyrir árið 2021 og lögum nr. 158/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, fá sveitarfélög 300 m.kr. framlag í því skyni að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþróttu- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sveitarfélög setja sérstakar reglur um íþróttu- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

1. gr.

Fyrir 31. desember 2021 skulu sveitarfélög greiða íþróttu- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2006 til 2015 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 787.200 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júní 2021.

Styrk skal greiða vegna kostnaðar við íþróttu- og tómstundastarf á haustönn 2021, allt að 25.000 kr. fyrir hvert barn.

2. gr.

Íþróttu- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn til sveitarfélags. Umsókn skal berast fyrir 31. desember 2021 og miða skal við að íþróttu- og tómstundaiðkunin fari fram á haustönn 2021.

Þegar umsækjandi skráir barn í íþróttu og tómstundastarf í rafrænni gátt sveitarfélags/þjónustuveitenda skal hann eiga val um að óska eftir að kannaður sé réttur barns til íþróttu- og tómstundastyrks samkvæmt leiðbeiningum þessum. Ef umsækjandi á rétt á slíkum styrk þá leggst sú upphæð við upphæð almenns fristundastyrks sveitarfélagsins þannig að heildarupphæð styrks með hverju barni hækkar því sem nemur. Sé styrkupphæðin ekki nýtt til fulls skal ávallt fullnýta fyrst almennan styrk sveitarfélagsins.

Ef umsækjandi telur að rafræn niðurstaða um rétt barns skv. 2. mgr. sé ekki rétt skal hann beina umsókn um styrkinn til sveitarfélags, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Um málsméðferð, þ.m.t. kæruheimild, fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.